

# Mannauðsstefna

---

Hlutverk Reykjalundar er að veita alhliða endurhæfingarþjónustu og er starfsfólk Reykjalundar lykillinn að farsælum rekstri og árangri meðferðarstarfs. Sem leiðandi aðili í endurhæfingu á Íslandi er stjórnendum og starfsfólki annt um velferð allra þeirra sem starfað er fyrir og með. Metnaður, þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsfólks Reykjalundar tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Markmið mannauðsstefnunnar er að móta starfsumhverfi og aðstæður sem stuðla að vellíðan starfsfólks og hvetja það til aukins árangurs í starfi. Í sameiningu skapar starfsfólk jákvætt og hvetjandi vinnuumhverfi. Með því að stuðla að góðum starfsanda og vellíðan starfsfólks mótar Reykjalundur eftirsóknarverðan vinnustað.

## Starfsmannaval og móttaka nýliða

Reykjalundur leggur áherslu á að fá til liðs við sig öflugt, traust og metnaðarfullt starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn. Við ráðningu nýrra starfsmanna er horft til jafnréttis, færni, menntunar og reynslu umsækjanda og hæfni í mannlegum samskiptum. Við ráðningar er unnið eftir skilgreindu og faglegu verklagi til að tryggja faglega ráðningu. Mannauðssvið heldur utan um ráðningar og tryggir að faglegu verklagi sé fylgt. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju starfsfólki. Með því er tryggt að starfsfólk komist hratt og örugglega inn í starfið, viti til hvers er ætlast af þeim og læri á þau verkfæri og vinnubrögð sem þarf til að ná árangri. Áhersla er lögð á að hverjum starfsmanni sé ljóst hvert sé hans hlutverk og ábyrgðarsvið samkvæmt starfslýsingu.

## Starfsumhverfi og heilsa

Leitast er við að bjóða starfsfólki Reykjalundar upp á öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi sem uppfyllir grundvallarkröfur til vinnuverndar og vellíðanar. Áhersla er lögð á hvetjandi starfsumhverfi, að góður starfsandi, góð samvinna, opin samskipti og gagnkvæmt traust sé á meðal starfsfólks. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsfólk sýni hvert öðru fyllstu tillitssemi og virðingu í öllum samskiptum. Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið á Reykjalundi. Markmið Reykjalundar er að stuðla að heilsusamlegu líferni starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu. Stutt er við markmiðið með fjölbreyttum hætti, s.s. með aðgengi að hollum matvælum í mötuneyti, aðgengi starfsfólks að líkamsrækt og veitingu samgöngustyrkja. Einnig leggur Reykjalundur sitt af mörkum við að halda uppi góðu félagslífi með því að taka þátt í ýmsum viðburðum á borð við Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna til að styrkja samstöðu starfsmanna. Að auki er boðið upp á starfsmannaleikfimi.

## Starfsþróun og fræðsla

Reykjalundur leggur áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til starfsþróunar og er það hvatt til að sækja sér endur- og símenntun. Mikil áhersla er lögð á að bjóða nýtt starfsfólk velkomið með nýliðafræðslu. Boðið er upp á vinnuumhverfi sem stuðlar að því að hæfileikar hvers starfsmanns fái notið sín og tækifæri eru til að vaxa og þroskast í starfi. Starfsfólk fær tækifæri og er hvatt til að tileinka sér nýjar hugmyndir, tækni og aðferðir sem tengjast starfsvettvangi þeirra. Stuðlað er að markvissri símenntun og öfluglu fræðslustarfi.

## Jafnrétti

Áhersla er lögð á jafna stöðu og jafnan rétt allra. Þess skal gætt að jafnrétti ríki meðal alls starfsfólks án mismunar á grundvelli kynferðis, aldurs, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða ætternis. Reykjalundur stuðlar að jafnrétti og vinnur eftir jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun jafnréttismála. Samkvæmt lögum á slík áætlun að fjalla um launajafnrétti, laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni. Stjórnendur Reykjalundar fylgja jafnréttisstefnu og vinna stöðugt að jafnrétti innan stofnunarinnar. Reykjalundur er jafnlaunavottaður vinnustaður og skuldbindur sig til að starfa í samræmi við ISO 85/2012 staðalinn.

## Upplýsingaflæði

Starfsemi Reykjalundar byggir á skilvirku upplýsingaflæði og stuðst er við möguleika upplýsingatækninnar í eins ríkum mæli og unnt er. Starfsfólk ber einnig sjálft ábyrgð á að leita sér upplýsinga eftir þörfum hverju sinni. Miðlun upplýsinga og þekkingar er skilvirk og það er á ábyrgð alls starfsfólks að miðla viðeigandi upplýsingum og þekkingu sín á milli. Aðgengi starfsfólks að upplýsingum er í gegnum innri vef Reykjalundar, starfsmannafundi og í gegnum upplýsingapósta forstjóra og annarra stjórnenda. Allt er það þáttur í að stytta boðleiðir á milli starfsfólks.

## Gæða og umbótastarf

Lögð er áhersla á að efla gæði og öryggi þeirrar þjónustu sem veitt er á Reykjalundi. Gæðaráð, öryggisnefnd og stjórnendur tryggja að á Reykjalundi sé stöðugt verið að vinna eftir ströngustu gæðakröfum ásamt því að fagleg þróun sé viðvarandi. Jafnframt er stutt við faglegt starf á Reykjalundi í þeim tilgangi að efla fagþekkingu starfsmanna og styðja frumkvæði í gæðastarfi. Á Reykjalundi fylgir gæðastjóri eftir að gæðahandbók Reykjalundar, sem inniheldur stefnur og verklagsreglur sem tryggja bestu mögulegu þjónustu við sjúklinga Reykjalundar sé ávallt uppfærð. Verklagsreglurnar tryggja auk þess rétt viðbrögð á réttum tíma og eru því mikilvægur stuðningur við starfsfólk. Einu sinni á ári gefst starfsfólki kostur á að taka þátt í vali á stofnun ársins. Í könnuninni eru lagðar fyrir spurningar er taka viðhorfi til vinnuumhverfis, aðbúnaðar, kjaramála og viðhorfi til stjórnenda.

## Stjórnun og forysta

Stjórnskipulag Reykjalundar einkennist af stuttum og skýrum boðleiðum. Starfað er samkvæmt samþykktu skipuriti og starfslýsingum, þannig að hver og einn þekkir hlutverk og ábyrgðarsvið sitt. Lögð er áhersla á skýra verkferla og virka upplýsingagjöf til alls starfsfólks og að starfsfólk hafi gott aðgengi að stjórnendum. Stjórnendur þurfa að búa yfir leiðtogaþæfni og sýna fagmennsku í starfi sínu. Stjórnendum ber að tileinka sér vandaða og nútímalega stjórnunarhætti. Mikilvægt er að skipuleggja og stjórna eftir aðstæðum, þróa með sér jákvætt viðhorf, virkja starfsfólk, hvetja, veita stuðning og dreifa ábyrgð og verkefnum til að ná árangri. Stjórnendafræðsla er í boði fyrir alla stjórnendur og reglulega eru haldnir stjórnendafundir.